

samþykkt á aðalfundi sínum 10.—13. þ. m. og birtist hún hjer með öllum hlut-  
adeigendum til eptirbreytni.

58

Skrifstofu Eyjafjarðarsýslu, Akureyri 26. marz 1897.

*Kl. Jónsson.*

## Skýrsla

### um hundalækningar í hreppi í apríl 18

Heimili.	Eru marg- ir hundar á heimil- inu?	Var mörg- um hund- um gefið inn?	Á hve marga hunda verkaði meðalið?	Komu bandorm- ar úr mörgum þeirra?	Hvaða dag fór lækningin fram?	Athugasemdir.

**Brjef landshöfðingja til sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu um styrk til gufu- 59**  
**bátsferða í Vestfirðingafjórðungi.** — I þóknanlegu brjefi, dagsettu 12. f. m., hafð 7. apríl  
þjer, herra sýslumaður, jafnframt því að skýra frá því, að sýslunefndin í Norð-  
urísafjarðarsýslu hafi veitt 800 króna styrk úr sýsluvegasjóði til gufubátsferða  
um Ísafjarðardjúp á komandi sumri, farið þess á leit að jeg af fje því, er í nú-  
gildandi fjárlögum er ætlað til gufubátsferða í Vestfirðingafjórðungi veitti, 2400  
kr. til móts við nefnda upphæð.

Út af þessu er yður hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þókn-  
anlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar, að jeg hjer með af fje því, er ræð-  
ir um í 12. gr. C. b. í fjárlögunum fyrir 1896 og 1897 veiti til gufubátsferða um  
Ísafjarðardjúp á komanda sumri  $\frac{3}{4}$  á móti  $\frac{1}{4}$  úr hlutaðeigandi sýslusjóði, allt  
að 2400 krónum, með því skilyrði, að bátur sá, sem ráðinn verður til þessara  
ferða, flytji póstsendingar, vitji þeirra og skili þeim á pósthúsum á viðkomustöð-  
um, án sjerstaks endurgjalds.

**Brjef landshöfðingja til stiptsýfirvaldanna um lán handa Staðarbakkapresta- 60**  
**kalli.** — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í 12. apríl  
þóknanlegu brjefi, dagsettu 7. þ. m., veiti jeg hjer með samþykki mitt til þess  
að presturinn að Staðarbakka, síra Eyjólfur Kolbeins Eyjólfsson, taki 1000 kr.  
embættislán handa prestakallinu til jarðabóta á umgetnu prestssetri, sem sje til  
þess að gjöra varnargarð fyrir austan norðurhluta túnsins og fyrir norðan svo  
kalladan Veituflóa, er liggur fyrir norðan og ofan túnið, og náthaga á eyri fyr-  
ir neðan túnið. Þó er þetta lántökuleyfi mitt þeim skilyrðum bundið, að tekinn  
verði að eins fyrri helmingur lánsins þegar í stað, en síðari helmingurinn, þeg-

**60** ar presturinn hefir sannað það fyrir stiptsyfirvöldunum, að það verk sje unnið 12. apríl prestssetrinu til bóta, er samsvari 500 króna virði og hafi prófasturinn eptirlit með tilhlýðilegri framkvæmd jarðabótarinnar í heild sinni, að lánið verði endurborgað af tekjum prestakallsins á 20 árum í lengsta lagi frá lántökudegi að telja með jöfnum árlegum afborgunum, auk vaxta, og að presturinn eða bú hans svari við burtför hans frá brauðinu eða fráfall jarðabótum, er unnar verði hjer eptir og metnar að minnsta kosti svo mikils virði, sem upphæð lánins nemur, eða svari ofanálagi fyrir það sem til kynni að vanta.

Þetta er hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum hjer með þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari birtingar.

#### Prófastar.

11. marz setti biskup prestinn að Hvammi í Hvammssveit, *sira Kjartan Helgason*, til þess fyrst um sinn að gegna prófastsstörfum í *Dalaprófastsdæmi*.

13. s. m. setti biskup prest til Grundarþinga, *sira Jónas Jónasson*, til þess fyrst um sinn frá 1. maí þ. á. að gegna prófastsstörfum í *Eyjafjarðarprófastsdæmi*.

10. apríl var presturinn að Stóranúpi, *sira Valdimar Ólafsson Briem*, af biskupi skipaður *reglulegur prófastur í Árnesprófastsdæmi*.

#### Styrkur handa aukalækni.

12. apríl veitti landshöfðingi *cand. med. & chir. Kristjání Kristjánssyni* styrk fyrir 1 ár frá 1. maí 1897 að telja sem aukalækni í *Seyðisfirði ásamt með Mjóafirði, Loðmundarfirði og Borgarfirði*.

#### Ýmsar fjárgreiðslur úr landssjóði.

samkvæmt fjárlögunum 1896—97 13. gr. A. b. 2.

Með brjefi landshöfðingja, dagsettu 10. apríl, var bráðabirgðaruppbót handa fátækum prestaköllum fyrir fardagaárið 1897—98 skipt milli neðan nefndra prestakalla þannig:

1. Staðarprestakall í Aðalvík . . . . .	fjekk	600 kr.
2. Tjarnarprestakall á Vatnsnesi . . . . .	—	300 —
3. Lundarbrekkuprestakall . . . . .	—	300 —
4. Sauðlauksdalsprestakall . . . . .	—	250 —
5. Stóruvallaprestakall . . . . .	—	200 —
6. Stöðvarprestakall . . . . .	—	100 —
7. Eyvindarhólaprestakall . . . . .	—	250 —
	Samtals	2000 kr.